

Skilmálar samnings um innheimtuþjónustu

I. Almenn tilmála og þjónustuna

1. gr. BPO Innheimta, kt. 520419-0390, Köllunarklettsvegi 2, 104 Reykjavík, tekur að sér að innheimta kröfur fyrir kröfuhafa, með þeim hætti sem nánar er greint í samningi og í Innheimtulögum 2008 nr. 95 12. Júní. Samningar um innheimtu taka gildi við undirritun. BPO Innheimta áskilur sér rétt til að gera breytingar á skilmálum, gjaldskrá og þjónustu.
2. gr. Þjónusta BPO Innheimta er í meginatriðum í eftirfarandi sjö liðum. Í fyrsta lagi er um að ræða stofnun krafna, prentun og útsendingu reikninga til greiðenda nefnt fruminnheimta. Í öðru lagi, milliinnheimtu, áður en farið er í lögfræðilegar aðgerðir. Í þriðja lagi löginnheimtu á grundvelli réttarfarslaga eða lögfræðilegra innheimtuúræða. Í fjórða lagi, kröfuvakt, sem er þjónusta ætluð til innheimtu þeirra krafna sem ekki hefur tekist að fá greiddar þrátt fyrir ítrekaðar innheimtutilraunir í milliinnheimtu og/eða löginnheimtu. Í fimmta lagi er þjónusta við að senda á vanskilaskrá. Í sjötta lagi býður BPO Innheimta upp á innheimtu skuldabréfa og veitir kröfuhöfum til þess aðgang að skuldabréfalausn BPO Innheimtu. Í sjöunda lagi er boðið upp á samningskerfi eða endurteknar kröfur.
3. gr. BPO Innheimta, sér um löginnheimtu fyrir hönd viðskiptavina. Með samningi um löginnheimtu felst þó engin skylda kröfuhafa til að beina öðrum lögmannsverkefnum til lögmannna BPO Innheimtu fremur en annarra.

II. Verkerfið

4. gr. Aðilar skulu koma sér saman um ferli við innheimtu krafna og er það tilgreint í samningi, og ef við á í viðaukum. Breytingar á viðaukum eru heimilar enda séu samningsaðilar sammála um þær og hafa slíkar breytingar engin áhrif á gildi/efni samnings að öðru leyti. Almenn skal miða við að innheimta vanskilakrafna hefjist í milliinnheimtu, nema kröfuhafi óski annarrar meðferðar.
5. gr. Senda á vanskilaskrá er þjónusta sem BPO Innheimta hefur milligöngu um og er valkvæð. Þær skuldir sem uppfylla skilyrði til skráningar á vanskilaskrá verði skráðar í vanskilaskrá Creditinfo eða hlíðstæða skrá, nema í þeim tilfellum, þegar ósk berst um annað frá kröfuhafa.
6. gr. Kröfuhafi skal hafa aðgang að Innheimtakerfi BPO Innheimtu, þar sem hægt er að fá upplýsingar um stöðu einstakra krafna. BPO Innheimta birtir heildaryfirlit yfir stöðu allra innheimtumála, þar sem m.a. skulu koma fram upplýsingar um stöðu, s.s. greiðsluyfirlit, innborganir, eftirstöðvar og kostnað og á hvaða stigi innheimtan er.
7. gr. Starfsfólki BPO Innheimta er heimilt að veita greiðsludreifingu í allt að sex mánuði fyrir hönd kröfuhafa, eftir því sem eðlilegt telst til innheimtu kröfunnar. Í kröfuvakt er starfsfólki BPO Innheimta heimilt að semja um vaxtastig, fella niður vexti og hluta höfuðstóls kröfunnar og semja um greiðsludreifingu til lengri tíma, ef það samræmist hagsmunum kröfuhafa að mati BPO Innheimta. Kröfur eru sendar sjálfvirk í kröfuvakt að tilteknum tíma liðnum, nema um annað sé samið skriflega, BPO Innheimta fær 50% af innheimtum höfuðstól og vöxtum. Takist ekki að innheimta kröfuna innan fyrningarfrests skv. lögum um fyrningu kröfuréttinda (2007 nr. 150 20. desember) er krafan felld niður í Innheimtakerfi BPO Innheimta. Kröfuhafi ber ekki kostnað af því að skrá eða hafa kröfur í kröfuvakt.
8. gr. Þegar krafa fæst greidd hjá greiðanda í frum- og milliinnheimtu skal eiga sér stað samtímauppgjör milli BPO Innheimta og kröfuhafa. Hlutur kröfuhafa í greiðslunni greiðist beint til kröfuhafans en innheimtuþóknun/kostnaður greiðist til BPO Innheimta. Ef krafa er greidd beint til kröfuhafa ber kröfuhafa að standa BPO Innheimta skil á áfallinni þóknun og innheimtukostnaði.
9. gr. Innheimtugjald í milliinnheimtu skal taka mið af hæstu lögleyfðu fjárhæðum á hverjum tíma skv. reglugerð um hámarksfjárhæð innheimtukostnaðar (sjá reglugerðir nr. 37/2009 og nr. 133/2010), nema um annað sé sérstaklega samið. Greiðandi kröfunnar greiðir innheimtugjaldið, nema um annað sé samið. Í löginnheimtu leggst innheimtugjald eða málkostnaður á kröfu, þóknun fyrir einstakar aðgerðir til innheimtu kröfunnar, hvers konar útlagður kostnaður af innheimtunni, sem og vextir af þóknun og kostnaði. Greiðandi kröfunnar greiðir allan kostnað af innheimtunni, nema um annað sé samið. Þóknunir taka mið af gjaldskrá BPO Innheimtu.
10. gr. Nauðasamningur skal ekki gerður við greiðanda, eða annars konar eftirgjöf kröfu veitt af BPO Innheimtu, án samþykkis kröfuhafa, nema krafa sé komin í kröfuvakt.
11. gr. BPO Innheimta ber að hafa samráð við kröfuhafa um boð í eignir á nauðungarsölu, sem leiða kunna til uppboðskaupa. Séu uppboðskaup gerð skal kostnaður BPO Innheimtu vegna innheimtunnar gerður upp þegar uppboðsafsal liggur fyrir. BPO Innheimta aðstoðar við rýmingu húsnæðis, berist ósk um það frá kröfuhafa.
12. gr. Eigi samtímauppgjör sér ekki stað skulu allar innborganir á kröfur vegna frum- og milliinnheimtu og kröfuvaktar varðveittar á fjárvörslureikningi BPO Innheimtu. BPO Innheimta skal í þeim tilvikum millifera

innborganir á bankareikning kröfuhafa eins fljótt og auðið er, en alla jafna er það næsta virka dag eftir að greiðsla berst BPO Innheimtu nema um annað sé samið. Innborganir á kröfur ráðstafað með eftirfarandi hætti nema um annað sé samið, fyrst til greiðslu á vöxtum af útlögðum kostnaði, þá til greiðslu á útlögðum kostnaði og svo til greiðslu á innheimtugjaldi og annarri þóknun. Þegar innheimtugjaldið og þóknun er greidd ganga innborganir fyrst upp í vexti og því næst höfuðstól kröfunnar. Þetta gildir þótt krafan greiðist ekki að fullu.

13. gr. BPO Innheimta skuldbindur sig til að sinna innheimtum af kostgæfni, hraða og með fullri virðingu fyrir greiðanda, enda sé tekið tillit til sambands greiðanda og kröfuhafa í hverju tilvik. Sömu skuldbindingar skulu gilda við löginnheimtu.
14. gr. Fyllsta trúnaðar er gætt um allar upplýsingar sem starfsfólk innheimtuaðila kemst yfir í þjónustu sinni fyrir kröfuhafa sbr. 13. gr. innheimtulaga nr. 95/2008. Trúnaðarskyldur lögmannna fara að lögum og siðareglum LMFÍ.

III. Kostnaður

15. gr. Kröfuhafar greiða ekki áskriftargjald á samningstímanum. BPO Innheimta áskilur sér rétt að innheimta útlagðan kostnað á niðurfelldum kröfum ef niðurfellingar fara umfram 5% af virkum kröfum og getur því krafði kröfuhafa um gjald fyrir hverja aðgerð sem framkvæmd hefur verið vegna hversrar kröfu í innheimtuferlinu og kröfuvakt. Ekki er hægt að fella niður kröfur í löginnheimtuferli án kostnaðar. Gjaldið fer eftir gjaldskrá BPO Innheimtu.
16. gr. Reynist innheimtutilraunir í löginnheimtu, aðrar en gerð lög- innheimtubréfa, árangurslausar greiðir kröfuhafi aðeins útlagðan kostnað og grunngjöld samkvæmt gjaldskrá. BPO Innheimta getur í sérstökum tilfellum áskilið sér greiðslu þóknunar, hafi óvenjuleg eða sérstök vinna verið lögð í innheimtuáðgerðir, enda hafi verið haft samráð við kröfuhafa um þær aðgerðir. Gjaldtaka vegna umbeðinna aðgerða eftir löginnheimtubréf fer eftir gjaldskrá BPO Innheimtu. Vefengi greiðandi réttmæti kröfu kröfuhafa, svo sem með því að halda uppi vörnum í dómsmáli sem BPO Innheimta hefur höfðað fyrir kröfuhafa, skal haldin skrá yfir unna tíma lögmanns kröfuhafa og kröfuhafa gerður reikningur í samræmi við hana og gjaldskrá BPO Innheimtu
17. gr. Skuldabréfalausn BPO Innheimtu er í boði fyrir alla sem gera samning við BPO Innheimtu um innheimtuþjónustu. Gjald við vissa þætti skuldabréfakerfis fer eftir einstökum liðum, sjá gjaldskrá BPO Innheimtu. Notandi getur útbúið skuldabréf honum að kostnaðarlausu. Hann notar sjálfur kerfið og stofnar/útbýr skuldabréf honum að kostnaðarlausu.

IV. Uppsögn, kynning samninga og ýmis ákvæði

18. gr. Samningar um innheimtu milli kröfuhafa og BPO Innheimtu skulu vera með þriggja mánaða gagnkvæmum uppsagnarfresti. Uppsögn skal berast skriflega með sammanlegum hætti og tekur uppsögnin gildi frá næstu mánaðamótum frá því hún berst viðtakanda.
19. gr. BPO Innheimta er aldrei aðili að eða ber neina ábyrgð á deilum á milli kröfuhafa og greiðanda.
20. gr. BPO Innheimtu er heimilt að tilgreina kröfuhafa sem einn af sínum viðskiptavinum í sölukynningum, en ekki í auglýsingaskyni nema að höfðu samráði við kröfuhafa. Með sama hætti er kröfuhafa heimilt að kynna samstarf sitt við BPO Innheimta, m.a. prentun/stimplun á reikninga, greiðsluseðla, yfirlit og ítrekanir.
21. gr. Kröfuhafi skal ábyrgjast að kröfur séu réttmæt og ekki tilkomnar af ólögætum gjörningi. Ef verulegur vafi er um réttmæti kröfu eða grundvöllur kröfu er óljós þá hefur BPO Innheimta og Lögghús lögmannastofa heimild til þess að kalla eftir greinargerð frá kröfuhafa og eftir atvikum fella niður kröfu og endursenda kröfuhafa. BPO Innheimta áskilur sér rétt án fyrirvara að slíta viðskiptasambandi við kröfuhafa verði kröfuhafi uppvís að ólögætum verknaði eða misnoti innheimtakerfi svo að BPO Innheimta hljóti skaða af.
22. gr. Rísi ágreiningur vegna samnings um innheimtu skulu aðilar kappkosta að leysa ágreining með samkomulagi og beina ágreiningi til gerðarmeðferðar sé nokkur kostur á. Þó skal hvorum aðila heimilt að vísa ágreiningi til almennra dómstóla og mál vegna hans má ávallt reka fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur. Við alvarlega vanefndir sem verða ekki lagaðar við skriflega áminningu geta báðir aðilar rift samkomulagi einhliða.
23. gr. Skaðabótaábyrgð aðila samnings þessa er höfð því að þeir hafi sýnt af sér verulegt gáleysi eða gróf mistök á fullnustu samningsins. Skaðabótakröfur skulu settar fram innan 12 mánaða frá tjónsatburði, ella falla þær niður. Skaðabótaábyrgð BPO Innheimtu nær ekki til rekstrataps, glataðs ágóða eða spamaðar, tapaðra gagna eða annars óbeins tjóns. BPO Innheimta ber enga ábyrgð á notkun kröfuhafa á hugbúnaðarkerfi BPO Innheimtu eða áhættu af því tjóni, beinu eða óbeinu, sem hlotist getur af notkuninni.
24. gr. Fjárhæðir í samning þessum skulu taka árlegum breytingum til hækkunar sem miðast við breytingar á vísitölu neysluverðs, grunnvísitala skal vera vísitala neysluverðs á þeim tíma þegar samningur um innheimtu er undirritaður. Uppfærslu má gera á þriggja mánaða fresti.